

Bjarni Reykjalin,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Pingeyjarsveitar- og Skútustaðahrepps  
Kjarni  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. mars 2014  
Tilvísun: UST20140100318/ksj

## Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar, Pingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 31. janúar sl. þar sem óskad er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjarsveit.

### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð skipulagstillögunnar þá eru Þeistareykir svæði nr. 533 á náttúruminjaskrá og segir um svæðið "Þeistareykir, Reykjahreppi, S-Pingeyjarsýslu. (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyn danir, gufu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól. Jarðhitaplöntur "

Umhverfisstofnun bendir á að á náttúruminjaskrá er að finna lista yfir öll friðlýst svæði á Íslandi ásamt þeim svæðum sem þykja merkileg og ástæða þykir til að friðlýsa. Á deiliskipulagssvæðinu Þeistareykjum eru jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar og sem skal forðast að raska ef þess er nokkur kostur samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd. Þessar jarðmyndanir koma til með að skerðast og/eða verða fyrir varanlegum neikvæðum áhrifum. Umhverfisstofnun telur miður að svæði á náttúruminjaskrá sem hefur jafnmikla sérstöðu og Þeistareykir þar sem er að finna yfirborðshveri, plöntur á válista, nútímahraun og volgar tjarnir, muni verða fyrir jafn varanlegum og neikvæðum áhrifum.


### Tillaga að breytingum


Í tillögu að breytingum á Þeistareykjum er alls áætlaðar breytingar í 12 liðum. Breytingatillögurnar ganga út á að fella út svæði fyrir þjónustuhús, í staðinn verður nýtt svæði fyrir þjónustuhús þar sem áætlaðar eru vinnubúðir á framkvæmdatíma og byggingarreitur fyrir stöðvarhús og kæliturna stækkar lítillega. Einnig eru gerðar tillögur um að lítillegar færslur á vegum innan svæðisins og að hliðra borsvæðum, og stækka lóð fyrir skiljustöð. Tillaga er um að merkja inn rotþró, færa byggingarreiti og lagnaleiðir og færa til áningastaði og setja inn byggingarreit fyrir hesthús. Mesta breytingin er stækken mannvirkjabeltis fyrir

neyðarlosun M-9, en það er tillaga um að það svæði stækki til suðurs úr 2 ha í 5 ha. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að svæði fyrir neyðarlosun er stækkað svo mikið og bendir á að yfirborðslosun hafi mikil og neikvæð umhverfisáhrif ekki síst á gróður. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki fari fram yfirborðslosun þótt að M-9 svæði fyrir neyðarlosun er stækkað.

Fyri utan svæðið fyrir neyðarlosun sem tillaga er um að stækka úr 2 ha í 5 ha eru deiliskipulagsbreytingar sem tillaga eru að mati Umhverfisstofnunar tilhliðranir og aðlögun vætanlegra framkvæmda að svæðinu, nú þegar lengra er liðið á hönnunarferli. Að mati stofnunarinnar munu þær breytingar sem taldar eru upp í greinargerð ekki breyta miklu hvað umhverfisáhrif varðar nema ef kemur til yfirborðslosunar, mestu umhverfisáhrifin verða við það að taka náttúrumínjasvæði fyrir framkvæmdasvæði. Þeistareykir eru einstakt náttúrumínjasvæði sem ákveðið hefur verið að framkvæma á og nýta þar háhita sem er óafturkræf aðgerð.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun